

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Skrifstofa skattamála; fjármála- og efnahagsráðuneytinu
Dagsetning: 30.04.2021
Málsnúmer: FJR21030079
Bréfalykill: 3.5

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum (greiðsludreifing staðgreiðslu og tryggingagjalds, úttekt séreignasparnaðar)

Formaður efnahags- og viðskiptanefndar óskar eftir afstöðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins til tillagna sem koma fram í umsögn [Félags atvinnurekenda um 698. mál, um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru \(greiðsludreifing staðgreiðslu og tryggingagjalds, úttekt séreignasparnaðar\)](#), annars vegar um niðurfellingu álags á vangreiddan virðisaukaskatt og hins vegar um tvískiptingu gjalddaga aðflutningsgjalda.

Afstaða ráðuneytisins liggur fyrir hvað þessi tvö mál varðar, þ.e. niðurfellingu álags á vangreiddan virðisaukaskatt og frestun á greiðslu aðflutningsgjalda. Í hvorugu tilfellinu var talin ástæða til framlengingar.

Að auki er í skjalinu að finna breytingartillögu ráðuneytisins á 8. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

1. Virðisaukaskattur og niðurfelling álags á vangreiddan virðisaukaskatt.

Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, skal ríkisskattstjóri leggja álag á virðisaukaskatt sem ekki er greiddur á tilskildum tíma. Samkvæmt 2. mgr. sama ákvæðis skal álagið vera 1% af vangreiddum virðisaukaskatti fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga en skal þó mest vera 10%. Í 6. mgr. sama ákvæðis er ríkisskattstjóra heimilt að fella niður álag ef aðili færir gildar ástæður sér til málsbóta og metur ríkisskattstjóri það í hverju tilfelli fyrir sig hvað teljast vera gildar ástæður í þessu sambandi.

Á árinu 2020 hafði Skatturinn heimild, samkvæmt tilmælum eða að höfðu samráði við ráðherra, til að fella niður álag skv. 27. gr. laga um virðisaukaskatt, tímabundið eða ótímabundið, enda hefðu utanaðkomandi eða óviðráðanleg atvik almennt hamlað greiðslu virðisaukaskatts á réttum tíma, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXXVII við lög um virðisaukaskatt. Framangreind heimild var lögfest með lögum nr. 25/2020, um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru. Á árinu 2020 nýtti Skatturinn þessa heimild að höfðu samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið vegna uppgjörstímabila ársins. Með heimildinni var svigrúm til greiðslu virðisaukaskatts því aukið í allt að mánuð. Heimildin náði eingöngu til niðurfellingar álags en ekki til dráttarvaxta.

Þar sem heimildin náði einvörðungu til ársins 2020 verður álagið óbreyttu beitt skv. 27. gr. laga um virðisaukaskatt á rekstrarárinu 2021.

Samkvæmt upplýsingum frá Skattinum var nýting úrræðisins hjá fyrirtækjum lítil miðað við það sem gert hafði verið ráð fyrir við samþykkt þess í mars á síðasta ári. Samkvæmt mati skrifstofu skattamála, á nýtingu á grundvelli gagna frá Fjársýslu ríkisins, nam seinkun á skilum virðisaukaskatts vegna niðurfellingar álags um 3 ma.kr. á hverjum gjalddaga á meðan úrræðið var í boði.

Virðisaukaskattur er óbeinn skattur og að því leyti ólíkur beinum sköttum sem lagðir eru á

rekstraraðila sjálfan. Virðisaukaskattur er vörslufé í eigu ríkissjóðs og kemur inn í sjóðstreymi aðila sem starfar í virðisaukaskattskyldum rekstri í takt við veltu og tekjuinnstreymi. Rekstraraðilinn er þó eingöngu milligönguaðili um innheimtu og skil á skattinum til ríkissjóðs. Niðurfelling álags á virðisaukaskatti jafngildir því í reynd lausafjáraðstoð í formi þess að heimila að seinka skilum um einn mánuð án kostnaðar. Þessi aðgerð var talin vera gagnleg þegar hún var lögfest sem hluti af Covid-19 aðgerðapakka stjórnvalda í mars 2020 á grundvelli þess skyndilega uppnáms og óvissu sem upphaf faraldursins olli.

Heimild til niðurfellingar álags í 27. gr. virðisaukaskattslaga er í grunninn bundin því skilyrði að aðili færi gildar ástæður sér til málsbóta og skattyfirvöld meta í hverju tilviki fyrir sig hvað skuli telja gildar ástæður. Heimildin er undantekningarregla og ber að skýra þröngt. Þegar almennri niðurfellingu álagsbeitingar var beitt í fimm skipti árið 2009, til mest átta og minnst tveggja daga í senn, voru í rökstuðningi tilgreindar þær „truflanir sem orðið hafa á bankastarfsemi hér á landi og áhrif þess á atvinnulífið.“ Það eru ekki aðstæður sem rekstraraðilar búa við nú.

Ýmsar aðrar efnahagslegar aðgerðir hafa verið lögfestar af hálfu Alþingis og tillaga um greiðsludreifingu liggur nú fyrir Alþingi í þessu máli auk þess sem viðskiptabankar hafa sérstaklega verið studdir vegna mikilvægs hlutverks þeirra gagnvart viðskiptavinum í erfiðleikum. Framlengingar eiga að taka fullt mið af þörf í hverju tilviki og beinast markvisst þangað sem þörfin er, sem er mun frekar mögulegt nú en í upphafi faraldursins. Framlenging á almennri niðurfellingu álags á alla greiðendur virðisaukaskatts við núverandi aðstæður eru því að mati skrifstofu skattamála ekki markviss aðgerð heldur almenn lausafjáraðstoð sem ætti fremur að vera á verksviði bankakerfisins að veita þeim rekstraraðilum sem glíma við lausafjáraðvanda.

Með vísan til framangreinds leggst ráðuneytið gegn framlengingu bráðabirgðaákvæðis XXXVII við lög um virðisaukaskatt út árið 2021.

2. Gjaldfrestur aðflutningsgjalda.

Með lögum um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, nr. 25/2020, voru lögfest ný bráðabirgðaákvæði í tollalög, nr. 88/2005, og lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Ákvæðin eru sambærileg þeim ákvæðum sem lögfest voru í kjölfar fjármálahrunsins haustið 2008 en þó var ekki um skiptingu á gjalddögum að ræða í þessu tilfalli heldur var gjalddaga aðflutningsgjalda hjá þeim aðilum sem njóta greiðslufrests í tolli (tollkrít) frestað um 20 daga. Heimildin gilti fyrir öll uppgjörstímabil frá mars og út árið 2020. Heimilt var að færa allan innskatt viðkomandi tímabils á virðisaukaskattsskýrslu þótt einungis hluta eða engum útskatti hefði verið skilað í ríkissjóð vegna innflutnings. Gildisdagur endurgreiðslu innskattsins var jafnframt færður fram til sama dags og gjalddagi almennra skila er í virðisaukaskatti. Hér var fyrst og fremst um að ræða frestun og hagræði fyrir innflytjendur.

Nýting úrræðisins var töluverð á árinu 2020 og höfðu innflytjendur með þessum hætti frestað um 20 ma.kr. á hverju uppgjörstímabili, samkvæmt fyrstu skýrslu starfshóps fjármála- og efnahagsráðherra um eftirfylgni efnahagsaðgerða vegna heimsfaraldurs kórónuveiru í nóvember 2020, þar sem fjallað var um nýtingu heimila og fyrirtækja á úrræðum ríkisstjórnarinnar vegna Covid-19. Fyrir ríkissjóð var um að ræða töf á milli mánaða á innheimtu umræddra tekna sem hafði í för með sér fjármögnunarkostnað fyrir ríkissjóð. Þann kostnað mátti áætla að næmi á bilinu 10-15 m.kr. á hverju tveggja mánaða tímabili og næmi því á einu ári 60-90 m.kr. miðað við óbreytta ávöxtunarkröfu. Framlengt úrræði myndi því hafa nokkur áhrif á tekjustreymi og beinan kostnað ríkissjóðs.

Ekki er ljóst að fyrirkomulagið hafi bætt skil á aðflutningsgjöldum svo neinu hafi numið. Við samanburð á innheimtuárangri í tollkrít á milli áronna 2019 og 2020 er hann um 0,17% lakari 2020 (99,55%) en árið 2019 (99,71%) en þessi munur nemur 269 m.kr.

Ráðuneytið leggst gegn framlengingu úrræðisins þar sem ekki verður séð að tilefni eða aðstæður séu til framlengingar þess út árið 2021. Til stendur að hefja vinnu við heildarendurskoðun á lögum um virðisaukaskatt á þessu ári, þar sem ráðrúm mun gefast til að horfa til hugsanlegra breytinga á skilum

á virðisaukaskatti og gjalddögum út frá margvíslegum þáttum.

3. Breytingartillaga - tilvísun í 6. mgr. Í 8. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Í 8. mgr. 1. gr. frumvarpsins er lagt til að greiðsludreifing falli niður við úrskurð um gjaldþrotaskipti og falli í gjalddaga, sbr. 6. mgr. Þá myndi úrskurður um gjaldþrotaskipti í upphafi mánaðar til að mynda verða til þess að kröfur í greiðsludreifingu féllu í gjalddaga fyrsta dag næsta mánaðar og eindagi 14 dögum síðar. Samkvæmt upplýsingum frá innheimtu- og skráarsviði Skattsins myndi þetta geta valdið vandkvæðum í reynd enda er frestur til að lýsa kröfum í þrotabú tveir mánuðir frá úrskurðardegi um gjaldþrotaskipti skv. 2. mgr. 85. gr. laga um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991. Ördugt gæti reynst að halda utan um að lýsa kröfum á svo stuttu tímabili, þ.e. minna en einum mánuði. Ákvæðið er að auki ekki í samræmi við ákvæði 99. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, sem kveður á um að allar kröfur á hendur þrotabúi falli sjálfkrafa í gjalddaga við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta án tillits til þess sem kann áður að hafa verið umsamið eða ákveðið með öðrum hætti.

Af þessum sökum leggur ráðuneytið til breytingu á orðalagi í 8. mgr. 1. gr. frumvarpsins, svohljóðandi:

„Verði bú aðila sem nýtur heimildar til greiðsludreifingar tekið til gjaldþrotaskipta eða aðila slitið á tímabili greiðsludreifingar fellur greiðsludreifing niður og kröfur falla í gjalddaga á úrskurðardegi um gjaldþrotaskipti eða við afskráningu.“